

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reignast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr. 105.00
Fyrir þilfarsskip, 15 brl. allt að 30 brl.	— 155.00
Fyrir þilfarsskip 30 brl. allt að 50 brl.	— 205.00
Fyrir þilfarsskip 50 brl. allt að 100 brl.	— 260.00
Fyrir þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 365.00
Fyrir þilfarsskip 200 brl. allt að 300 brl.	— 440.00
Fyrir þilfarsskip 300 brl. allt að 500 brl.	— 520.00
Fyrir þilfarsskip 500 brl. allt að 800 brl.	— 625.00
Fyrir þilfarsskip 800 brl. allt að 1200 brl.	— 650.00

Fyrir þilfarsskip 1200 brl. allt að 2000 brl.	— 775.00
Fyrir þilfarsskip 2000 brl. allt að 5000 brl.	— 910.00
Fyrir þilfarsskip 5000 brl. og stærri	—1 035.00

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hált gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra skips eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastjóra er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði. Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.

3. gr.

Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði óflokkaðra skipa innanlands skal greitt eftir reikningi siglingamálastjóra, þó aldrei minna en fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr. Sé um opinn bát að ræða, greiðist kr. 90.00.
2. Fyrir hvers konar eftirlit með skipum erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni, samkvæmt reikningi siglingamálastjóra. Heimilt er að leggja 30% á gjaldið, þó ekki af ferðakostnaði og dagpeningum eftirlitsmanns. Skal siglingamálastjóra heimilt að innheimta allt að kr. 1 760.00 fyrir fram vegna eftirlits samkvæmt þessum tölulíð, en endanlegt uppgjör fari fram að ferðinni lokinni.
3. Fyrir eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greitt samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötlum skal greiða:

Ketill við vél undir 400 hö	kr. 60.00
Ketill við vél frá 400 til 800 hö	— 75.00
Ketill við vél yfir 800 hö	— 130.00

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjáútreikninga og útgáfu skirteina ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 brl.	kr. 215.00
Fyrir skip 100 brl. allt að 500 brl.	— 300.00
Fyrir skip 500 brl. allt að 1000 brl.	— 390.00
Fyrir skip 1000 brl. allt að 2000 brl.	— 520.00
Fyrir skip 2000 brl. allt að 5000 brl.	— 690.00

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskirteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjáútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 55.00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskirteinis tilheyrandi skoðun skulu greiddar kr. 35.00.

Fyrir endurnýjun á skirteini, sem glatað er eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 90.00, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Endurskoðun uppdráttá.

Fyrir endurskoðun allra smíðauppdráttá fyrir nýsmíðar skal greitt:

Fyrir opinn bát	kr. 75 00
Fyrir þilfarabát minni en 15 brl.	— 130.00
Fyrir skip 15 brl. allt að 30 brl.	— 205.00
Fyrir skip 30 brl. allt að 50 brl.	— 310.00
Fyrir skip 50 brl. allt að 100 brl.	— 415.00
Fyrir skip 100 brl. allt að 300 brl.	— 650.00
Fyrir skip 300 brl. allt að 1000 brl.	— 690.00
Fyrir skip 1000 brl. allt að 3000 brl.	— 910.00
Fyrir skip 3000 brl. og stærri	— 1 035.00

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skípsins. Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags greiðist hálf gjald.

Fyrir endurskoðun uppdráttá vegna breytinga og viðgerða á skipum greiðist samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir umsögn og athugun uppdráttá, vegna innflutnings gamalla skipa, greiðast kr. 430.00.

7. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

1. Útgáfa þjóðernisskirteinis	kr. 130.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	— 155.00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	— 30.00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	— 70.00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	— 15.00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	— 865.00
7. Vottorð um útskrifun skipa af aðalskipaskrá	— 40.00

8. gr.

Mæling skipa.

Opinn bátur	kr. 75.00
Þilfarsskip minni en 30 brl.	— 155.00
Þilfarsskip 30 brl. allt að 100 brl.	— 260.00
Þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 390.00
Þilfarsskip 200 brl. allt að 400 brl.	— 455.00
Þilfarsskip 400 brl. allt að 1000 brl.	— 645.00
Þilfarsskip 1000 brl. allt að 3000 brl.	— 840.00
Þilfarsskip 3000 brl. allt að 5000 brl.	— 1 210.00

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir endurskoðun á mælingu skipa greiðist hálf gjald skv. þessari grein.

Að auki greiðast ferðaútgjöld mælingamanna eftir reikningi siglingamálastjóra.

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllum og mat skv. II W kr. 30.00 á hverja mynd.

Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgjumælingar, sprungu- titrings- og hávaða- mælingar greiðast kr. 20.00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð. Þó ekki þegar um árlega aðalskoðun er að ræða og aðstoðarinnar er óskað af skoðunar- eða eftirlitsmanni.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnunum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, víta- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiddast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnunum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í rikissjóð, en krefja Siglingamálastofnun rikisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 380/1979.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.